

Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040. Samþykkt á fundi íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts, þann 8. desember 2020.

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts hefur áður lýst áhyggjum sínum af því sem virðist takmarkaðri tengingu við og fjarlægð hverfisins frá fyrirhugaðri Borgarlínu sem ætluð er sem megin burðarás almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni. Í nýrri tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur hefur meginás borgarlínunnar færst enn fjær Árbæ og Norðlingaholti en þegar Borgarlína var kynnt ráðinu fyrir um tveimur árum síðan. Sé yfirlitskort skipulagstillögunnar skoðað er áberandi hvað Árbær og Norðlingaholt eru fjarlæg þessari fyrirhuguðu samgöngubót miðað við önnur hverfi. Íbúaráð gerir athugasemdir við þetta og kallar eftir að það verði skoðað sérstaklega hvernig tengja á hverfið við Borgarlínuna og til hvaða mótvægisáðgerða megi grípa þannig að íbúar hverfisins fái notið þjónustu hennar með sambærilegum hætti og aðrir borgarbúar.